

# UNGLINGALÝÐRÆÐI Í HRAUNINU

## FÉLAGSMIÐSTÖÐVASTARFIÐ

Byggir á hugmyndafræði unglingalýðræðis sem á að tryggja áhrif þeirra á starfið.

Markmið félagsmiðstöðva er að ná til allra nemenda í mið- og unglingadeildum skólanna og gefa þeim tækifæri á stunda þroskandi og skapandi félagsstarf í heilbrigðu umhverfi á jafnréttisgrundvelli.

Í öllum félagsmiðstöðvum eiga að starfa unglingaráð, líkt og nemendafélag og eru talsmenn unglinganna.

Aðaláherslan í Hrauninu er á fjölbreytt og skemmtilegt félagsstarf fyrir í 10 - 16 ára börn og unglinga

## FÉLAGSMIÐSTÖÐIN

Leitast við að ná til þeirra unglinga sem ekki stunda heilbrigt tómstundastarf eða teljast til áhættuhóps.

## LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

Notast við leiðir unglingalýðræðis eins vel og kostur er.

Gefum börnum og ungmennum tækifæri til að framkvæma hugmyndirnar sínar og tryggja þannig að styrkleikar og hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín.

Mætum ungu fólki á þeirra forsendum og sýnum þeim virðingu og trúnað í samskiptum.

## FORELDRAR

Lögð er áhersla á að eiga gott samstarf við foreldra/forráðamenn og tekið vel á móti athugasemdum og ábendingum. Foreldrar eru hvattir til að vera í sambandi við starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar, senda tölvupóst, fylgjast með facebooksíðu félagsmiðstöðvarinnar eða kíkja bara í heimsókn.

Foreldrafélagið skipuleggur og stendur fyrir foreldrarölti í sínu skólahverfi og mælum við með að sem flestir taki þátt í því.